

Nd.

173. Breytingartillaga

[44. mál]

við brtt. á þskj. 170 [Tekjuskattur og eignarskattur].

Frá Friðrik Sophussyni.

1. tl. brtt. verði 1. a) og til viðbótar komi 1. b) svo hljóðandi:

Í lok 3. tl. C-liðs 30. gr. laganna komi ný málsgrein sem orðist svo:

Námskostnað, sem stofnað er til eftir tuttugu ára aldur, má, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, draga frá tekjum næstu 5 ár eftir að námi er lokið, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir kostnaðinum. Námskostnaður, sem viðurkenndur er til frádráttar skv. ákvæði þessu, skal umreiknast skv. ákv. 26. gr. laga þessara.